



Borgarráð

Sumarhátíð starfsfólks Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Reykjavíkurborg haldi sumarhátíð fyrir allt starfsfólk og fjölskyldur þeirra 11. júní nk. Áætlaður heildarkostnaður við hátíðina er 40.000.000 kr. Útgjöldin verði fjármögnuð af liðnum 09205 Ófyrirséð.

Greinargerð:

Samkvæmt mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar er Reykjavíkurborg einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Allt starfsfólk hefur á undanfarin tæp 2 ár lagst á eitt til að vernda grunnþjónustu borgarinnar í baráttunni við COVID-19. Starfsfólk Reykjavíkurborgar sýndi frábæra liðsheild og varðist þessari vá með eftirtektaverðum árangri. Síðustu tvö ár hafa verið einstaklega krefjandi og reynt mikið á starfsfólk og verður starfsfólki verður seint fullþakkað sitt ómetanlega framlag og á allt starfsfólk Reykjavíkurborgar skilið hrós fyrir sín störf þetta tímabil. Með því að halda sumarhátíð sýnir borgin þakkæti sitt til starfsfólks í verki og skapar um leið jákvætt viðhorf starfsmanna gagnvart vinnustaðnum. Slíkt er mikilvægt, ekki síst á tímum þar sem álag hefur verið mikið vegna COVID, skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er hluti af öflugri liðsheild og á að hafa tækifæri til að efla félagsleg tengsl sín með því að koma saman og gleðjast og mikilvægt er stuðla að félagslegum samskiptum til að efla starfsanda en það er sérstaklega mikilvægt nú sem aldrei fyrr.

Hjá Reykjavíkurborg vinna tæplega 11.000 einstaklingar við margvísleg störf í þágu borgarbúa og sinna þeim af alúð og áhuga. Að bjóða starfsfólki að koma saman til gleðistundar er hluti af því að starfsfólki upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu og samheldni. Markmiðið er að starfsfólk upplifi viðburðinn sem þakklætisvott fyrir undanfarin misseri en ekki síður að starfsfólk hafi tækifæri til að hitta annað samstarfsfólk bæði á eigin vinnustað og einnig annað samstarfsfólk sem starfar víða um borgina og eiga með þeim skemmtilega stund. Því er lagt til að borgarráð samþykki að halda sumarhátíð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar árið 2022.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga starfshóps um sumarhátíð starfsfólks Reykjavíkurborgar, dags. 1. maí 2022.

Til: Borgarstjóra

Efni: Tillaga starfshóps um sumarhátíð starfsfólks Reykjavíkurborgar

Dags. 1. maí 2022

Samkvæmt mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar er Reykjavíkurborg einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Allt starfsfólk hefur á undanfarin tæp 2 ár lagst á eitt til að vernda grunnþjónustu borgarinnar í baráttunni við COVID-19. Starfsfólk Reykjavíkurborgar sýndi frábæra liðsheild og varðist þessari vá með eftirtektaverðum árangri. Síðustu tvö ár hafa verið einstaklega krefjandi og reynt mikið á starfsfólk og verður starfsfólki verður seint fullþakkað sitt ómetanlega framlag og á allt starfsfólk Reykjavíkurborgar skilið hrós fyrir sín störf þetta tímabil.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er hluti af öflugri liðsheild og á að hafa tækifæri til að efla félagsleg tengsl sín með því að koma saman og gleðjast og mikilvægt er stuðla að félagslegum samskiptum til að efla starfsanda en það er sérstaklega mikilvægt nú sem aldrei fyrr.

Starfshópur skipaður fulltrúum allra sviða borgarinnar hefur verið að störfum og hlutverk hópsins var að skipuleggja, útfæra og halda utan um dag fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar og fjölskyldur þeirra. Að bjóða starfsfólki að koma saman til gleðistundar er hluti af því að starfsfólki upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu og samheldni. Markmiðið er að starfsfólk upplifi viðburðinn sem þakklætisvott fyrir undanfarin misseri en ekki síður að starfsfólk hafi tækifæri til að hitta annað samstarfsfólk bæði á eigin vinnustað og einnig annað samstarfsfólk sem starfar víða um borgina og eiga með þeim skemmtilega stund.

Verkefni starfshópsins var að setja fram tillögu að fjölskylduviðburði sem höfði til ólíkra aldurshópa og dagskrá með aðdráttarafli. Starfshópurinn telur mikilvægt er að vandað verði til verka og öll umgjörð slíkrar fjölskylduhátíðar verði til fyrirmyndar. Ákveðið var að staðsetning viðburðarins yrði Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardalnum og hann yrði haldinn laugardaginn 11. júní nk. Fjölskyldu og húsdýragarðurinn yrði opinn öllum borgarbúum en starfsfólki er boðið sérstaklega til hátíðar og hún auglýst til starfsfólks.

Er þetta í fyrsta sinn sem slíkur viðburður yrði haldinn fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og erfitt getur verið að áætla þátttöku í slíkum viðburði. Veður mun hafa mikil áhrif á þátttöku og mætingu á viðburðinn. Ákveðinn fastur kostnaður er fyrir þennan viðburð óháð fjölda gesta sem mæta en aðra kostnaðarþætti má hreyfa og sá þáttur sem er sérstaklega viðkvæmur og erfitt að áætla nema vera með fjöldataölur eru veitingar en kostnaður við veitingar hangir að sjálfsögðu á hversu margir munu mæta.

Starfshópurinn sendi verðfyrirspurn til þriggja viðburðafyrirtækja og óskaði eftir tillögu að slíkum viðburði og verðtilboði. Þrjú tilboð bárust og leist starhópnum best á tillögu og tilboð sem barst frá viðburðafyrirtækinu Concept events.

Ef tekið er mið af tilboði Concept events og öðrum kostnaði er áætlaður heildarkostnaður við viðburðinn er tæplega 40 mkr. og sjá má í töflu 1 hvernig hann skiptist eftir megin verkþáttum.

Tafla 1: Kostnaðaráætlun

Áætlaður kostnaður við sumarhátíð alls starfsfólks	
Tap Fjölskyldu og húsdýragarðsins þennan dag þar sem enginn aðgangsgjöld verða rukkuð	
	5.000.000
Leiga á sviði og öðrum búnaði	2.000.000
Tilboð frá Concept events:	
Heildarskipulagning og vinnukostnaður	6.819.456
Aðstöðukostnaður og uppsetning	1.817.587
Dagskrá með viðburðum og listamönnum	5.327.200
Veitingar og veitingastjórnun	14.212.948
Kynningaráætlun og skráning á viðburð	2.269.200
Ófyrirséð	1.240.000
Alls áætlaður kostnaður	38.686.391

Áætluð þátttaka hjá Concept events er 8000 manns og tekur tilboð þeirra í veitingarþáttinn mið af því. Starfshópurinn telur þann fjölda það varlega áætlað. Hjá Reykjavíkurborg starfa í dag tæplega 11.000 manns og ef gert er ráð fyrir 30% mætingu og margfaldað með 2,5 verða gestir um 8.250. Til samanburðar þá hafa gestir á Hátíð hafsins í Reykjavík, sem er auglýstur opinn viðburður, verið 30-40.000 á tveimur dögum. Lagt er upp með að starfsfólk skrái sig á viðburðinn og því væri hægt að áætla betur þegar nær dregur fjölda og veitingar.

Starfshópurinn leggur til að samið verði við Concept events um skipulag og alla framkvæmd við sumarhátíð fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar. Farði verði í viðræður við fyrirtækið um innsent tilboð. Concept events hafa gríðarlega mikla reynslu af því að skipuleggja og halda stórar hátíðir. Tillaga Concept events er afar fagmanleg og hugað að öllum hlutum. Fyrirtækið leggur áherslu á að allt sem þau skipuleggja sé gert á umhverfisvænan hátt. Tillaga Concept events að dagskrá er afar fjölbreytt og höfðar til breiðs hóps. Lögð er áhersla á samstarf við hjálparveitir og íþróttafélög við útfærslu verkþátta hjá þeim. Vel er hugað að öryggisþáttum og hreinsun.